

**3. fundur Fræðslunefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn 14. september
2022
og hófst hann kl. 14:30.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Gerður Rán Freysdóttir (GRF), Birgitta Guðmundsdóttir (BG), Birna F Hannesdóttir (BFH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 3 lögmetan.

Anna Kristín Gylfadóttir boðaði forföll og gat enginn þriggja varamanna setið fundinn í hennar stað.

Dagskrá:

1. Skólaþjónusta - 2208122

Á fundinn mætti Krístrún Lind Birgisdóttir frá Ásgarði og fór yfir hlutverk fræðslunefnda. Jafnframt stöðuskýrsla um sérfræðiþjónustu Ásgarðs við Tálknafjarðarhrepp dagsett í ágúst 2022 lögð fram.

Fræðslunefnd samþykkir að verkefnaáætlun sem kemur fram í framlagðri fundaáætlun fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps verði höfð til hliðsjónar í starfi nefndarinnar á komandi skólaári.

Fræðslunefnd þakkar Krístrúnu fyrir góða kynningu og væntir áframhaldandi góðs samstarfs.

2. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Verk- og tímaáætlun við vinnu við fjárhagsáætlun 2023-2026 lögð fram.

Lagt fram. Umræðum frestað til næsta fundar.

3. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Erindi frá sveitarstjóra dags. 28.08.2022 þar sem greint er frá ákvörðun sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps á 596. fundi hennar sem fór fram 23.08.2022 um að endurskoðað tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi 2019-2031 verði send til fagnefnda þannig að þær geti fjallað um þá málaflokka sem undir þær heyra. Lögð er áhersla á að umfjöllun verði tilbúin fyrir fund skipulagsnefndar sem fer fram í nóvember.

Lagt fram og rætt. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Lengd viðvera í Tálknafjarðarskóla 2022-2023 - 2203332

Mál frá 2. fundi Fræðslunefndar sem fór fram 08.08.2022 og 596. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 23.08.2022.

Framlögð tillaga að reglum fyrir lengda viðveru í Tálknafjarðarskóla er staðfest

samhljóða.

5. Menntastefna Vestfjarða - 2208078

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 22.08.2022 þar sem greint er frá vinnu við menntastefnu Vestfjarða og fundum sem eru framundan vegna hennar. Fram kemur að vinnufundur vegna menntastefnunnar mun fara fram á Patreksfirði 3. október n.k.

Lagt fram.

6. Námsleyfasjóður skólaárið 2023-2024 - 2209157

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 05.09.2022 þar sem athygli er vakin á að Námsleyfasjóður hefur opnað fyrir umsóknir um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2023-2024

Lagt fram.

7. Betri vinnutími í leikskólum - 2209180

Erindi frá starfshópi sem skipaður hefur verið um betri vinnutíma í leikskólum dags. 06.09.2022 þar sem verkefnið er kynnt.

Lagt fram.

8. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023 - 2208001

Minnisblað frá skólastjóra Tálknafjarðarskóla um stöðu verkefna.

Lagt fram og rætt. Kom m.a. fram að Tálknafjarðarskóli er farinn að vekja töluverða athygli í íslensku skólasamfélagi fyrir gott starf sem m.a. birtist í því að fulltrúar skólans hafa verið fengnir til að kynna starfsemi hans á nokkrum ráðstefnum í haust. Eins var vinna við nýjar heimasíður kynnt.

9. Fundargerðir Samráðsfundur sambandsins með fræðslustjórum - 2205121

Fundargerðir samráðsfunda Sambands íslenskra sveitarfélaga með fræðslustjórum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofur/fræðslustjórar nr. 16 frá 15.03.2022, nr. 17 frá 19.04.2022 og nr. 18 frá 16.08.2022.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:58.

3. fundur
29.09.2022

Birgitta Guðmundsdóttir (BG)

Birna F Hannesdóttir (BFH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)